

Borholur í Lónkoti í Sléttuhlíð



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2011/028

Ágúst 2011

Inngangur

Í þessari greinargerð eru upplýsingar um þrjár borholur í landi Lónkots í Sléttuhlíð. Staðsetningar ásamt öðrum upplýsingum eru í 1. töflu og aftast eru einfalt kort yfir borholurnar (4. mynd).

1. tafla. Staðsetningar og aðrar upplýsingar um þrjár borholur í Lónkoti í Sléttuhlíð.

Holunúmer	Staðarnúmer	Dýpi í m	Ár	Lögbýli	N-hnit	V-hnit
LK-01	49871	24	1988	Lónkot	66° 00.282	19° 23.875
LK-02	49872	561	2006	Lónkot	65° 59.992	19° 23.874
LK-03	49873	60	2006	Lónkot?	65° 59.988	19° 23.859

Lónkot LK-01

Borhola LK-01 í Lónkoti er sunnan við heimreiðina að staðnum. Hún er um 60 metra frá sjálfum þjóðveginum en aðeins 15 metra frá heimreiðinni. Hún er í túnjaðri. Holan er opin og frágangur slæmur. Samkvæmt eiganda var holan líklega boruð árið 1988. Hún er 24 metra djúp og fóðruð með 4" röri í botn. (1. mynd)



1. mynd. Borhola LK-01 í Lónkoti í Sléttuhlíð. Lónkotsbærinn í baksýn.

Lónkot LK-02


Borhola LK-02 er um 600 metra sunnan við bæinn. Þar er malarnáma ofan við þjóðveginn og er holan nyrst í námunni. Holan er í góðu ásigkomulagi. (2. mynd)




2. mynd. Borhola LK-02 í Lónkoti í Sléttuhlíð.

Lónkot LK-03

Borhola LK-03 er í sömu námu og LK-02. Á milli holnanna eru aðeins um 10 metrar og er þessi fjær veginum sem því nemur. Málmplata hefur verið soðin á fóðurrörið. Að öðru leyti í góðu ásigkomulagi. (3. mynd)



3. mynd. Borholur LK-02 og LK-03 í Lónkoti í Sléttuhlíð.



4. mynd. Staðsetning borholna LK-01, LK-02 og LK-03 í Lónkoti í Sléttuhlíð.